

P I N G G E R Ð 1 0. A R S P I N G S

K Ö R F U K N A T T L E I K S S A M B A N D S

I S L A N D S.

10. ársþíng KKÍ 31. 10. '70. í Dómus Medica.

Hófst þingið kl. 14:00.

Formaður KKÍ setti fund og bauð menn velkomna. Bað
Boga Þorsteinsson að taka fundarstjórn,
Fyrst var kosning í nefndir. Eftirtaldir hlutu kosn-
ingu:

Kjörbréfanefnd: Þórir Guðmundsson,
Ingi Gunnarsson,
Þorsteinn Hallgrímsson.

Fjárhagsmefnd: Þórir Guðmundsson,
Björn Jóhannsson,
Guðmundur Hallgrímsson.

Laga-og Leikreglnanefnd: Einar Bollason,
Birgir Ö. Birgis,
Birkir Þorkelsson.

Allsherjarnefnd: Ingvar Sigurbjörnsson,
Hólmsteinn Sigurðsson,
Ingi Gunnarsson.

Kjörbréfanefnd tók þegar til starfa. Form. Hólmsteinn
Sigurðsson flutti skýrslu fráfarandi stjórnar, en skýrslan
lá prentuð fyrir fundarmönum og viðast til hennar.

Skýrsla unglingsnefndar; viðast til ársskýrslu
" Kvennanefndar; " " "
" minni-boltanefndar; " " "

Íslandsmót. Form. viðaði til skýrslu.

Fundarstjóri þakkaði skýrslu.

Þórir Guðmundsson form. kjörbréfanefndar gerði grein
fyrir störfum kjörbréfanefndar. Voru kjörbréf samþykkt og
hafa 19 fulltrúar atkvæðisrétt. (Sjá fskj. a).

Fundarstjóri lagði til að lesnir yrðu reikningar KKÍ
fyrir starfsárið og umræður færðu fram síðan í einu lagi um

skýrslu stjórnar og reikninga. Var það samþykkt.

Gjaldkeri Þórir Guðmundsson las síðan reikningana og skýrði.

Birkir Þorkelsson spurði um greiðslu til Þórs, Þórir svaraði, að samþykkt væri fyrir greiðslu í allt að 30 þús kr. til Þórs v/ferðakostnaðar.

Birkir Þorkelsson spurði um álit form. unglingsnefndar á slakri frammistöðu unglingslandsliðs, sem ekki er greint í skýrslu.

Þorsteinn Hallgrímsson taldi vanrækslu undanfarinna ára í þjálfun yngri flokka koma þarna fram. Hann taldi æfingar nú því miður illa sóttar og áhugaleysi nokkuð almennt. Taldi vafasamt að senda lið til þátttöku í fyrirhugaðræ Norðurlandakeppni í Finnlandi í jan. n.k. v/áhugaleysis og fjárhagsörðugleika. Eiríkur Björgvinsson taldi þjálfun skorta meðal yngri flokka og ekki rétt taka þátt við óbreytt ástand. Hann lýsti yfir ánægju sinni á þátttöku ungra stúlkna utan af landi í körfuknattleiksmótum. Hann lofaði starf E. Bollasonar á Akureyri og síðar Gutt. Öl. Lagði til að stúlkurnar taki þátt í móti fyrir Íslands hönd erlendis og vildi að þingið gerði samþykkt þar að lútandi,

Birkir Þorkelsson taldi sig ekki ánægðan með skýrslu Þ. Hallgrímsson um frammistöðu unglinganna. Hann benti á hve valið á mönnum hefði verið lélegt. H.s. Skarphéðinn hefði ekki átt liðsmann en Ármann 4 og hefði þó HSK um það leyti unnið Ármann léttilega. Hann taldi sama gilda um liðsmenn Þórs. Birkir ítrekaði síðan gagnrýni sína á unglingslandsliðsnefnd.

Þorsteinn Hallgrímsson lagði áherzlu á að undirstöðu-þjálfun vantaði í yngri flokkana og að það væri megin ástæðan fyrir slakri frammistöðu unglingslandsliðsins. Varðandi val til undirbúnings liðsins, sagði Þorsteinn, að sá háttur hefði verið hafður á, að samband hefði verið haft við þjálfara félaganna og þeir beðnir að tilnefna menn frá sínum félögum til æfinga. Engin tilnefning hefði komið frá H.S.K.

Sem svar við tillögu Æiriðs sagði hann, að ekki væri sínt að kvennalandsliðið væri sterkara, þar sem það væri algjörlega óreynt.

Þorsteinn Einarsson kvaðst ánægður með snyrtilegan

klæðaburð og framkomu körfuknattleiksmanna í göngu íþróttamanna á Íþróttahátiðinni og minntist sérstaklega á MB-spjöld, sem borin voru í göngunni. Hann hrósaði einnig útgáfu MB-bókarinnar.

Þorsteinn kvað skýrslu stjórnar KKÍ ekki nægjanlega viðtæka og ekki ná yfir nema hluta af starfi körfuknattleiksmanna. Nefndi hann í því sambandi starf félaga úti á landsbyggðinni. Þorsteinn ræddi um skýrslu kvennanefnda og kvað það alvarlega ásökun, að forystumenn íþróttafélaganna kæmu í veg fyrir framgang kvennakörfuknattleiks. Taldi hann, að körfuknattleikur væri hæfari til iökunar fyrir konur en t.d. handbolti.

Þorsteinn ræddi einnig fjárhag hinna ýmsu héraðssambanda, sagði hann, að aðalkostnaðurinn væri viðskipti milli byggðarlangs og útlönd. Bentí hann stjórn KKÍ á að skrifa f.s.f. og fara fram á, að skuld KKÍ við f.s.f. yrði að hluta látin ganga upp í útgáfu körfuknattleiksreglna.

Bogi Þorsteinsson ræddi um skýrslu MB-nefndar, sagði hann, að í skýrslunni kæmi ekki allt fram sem MB-nefndin sendi frá sér til KKÍ. Bogi ræddi einnig um gagnrýni þá, sem komið hafði fram á störfum unglingslandsliðsnefndar. Sagði hann að MB væri einmitt til þess fallin að byggja upp unga menn til þátttöku í íþróttum og lagði áherðlu á uppeldisgildi MB. Bæði fyrir leikmenn, dómara og forystumenn. Bogi sagðist hafa orðið fyrir vonbrigðum með sölu MB-bókarinnar. Um kvennakörfuknattleik sagði Bogi, að í þeim efnum hefði landsbyggðin orðið utangarðs.

Einar Bollason skýrði skýrslu kvennanefndar og drap meðal annars á hina alvarlegu ásakanir, sem koma fram í skýrslunni.

Sagði hann, að milda bæri þær ásakanir, hins vegar að ef virkilegur áhugi væri hjá forystumönnum gætu þeir stofnað kvennadeildir innan félaganna.

Sigurður Helgason kvaðst ekki hafa hlustað á umræður, en þó gripið orð Einars Bollasonar um kvennakörfuknattleik, sagði hann, að Valsmenn hefðu ekki nóga æfingatíma fyrir karlaflokka sína kvað þá kvennaflokka. Sigurður lýsti á óánægju sinni yfir útbreyðslu MB-bókarinnar og neikvæðum viðbrögðum íþróttakennara í sambandi við kynningu á bókinni. Sigurður ræddi um fjárhag körfuknattleiksins og

sagði að ekki væri grundvöllur fyrir hagnaði á mótum yngri flokkanna. Sagði hann að framkvæmd leikja yngri flokkanna í Íslandsmótinu hefði verið léleg á síðastliðnu ári. Bað hann menn að síðustu að rugla ekki saman félögunum K.F.R. og Val.

Þorsteinn Einarsson varði íþróttakennara og sagði að léleg aðstæða væri megin ástæðan fyrrir lélegri kennslu. Sem húsnæði undir móti yngri flokkanna benti hann á íþróttahöllina og sagði að hægt væri að koma fyrir mörgum leikjum samtímis þar.

Eiríkur Björgvinsson ræddi um húsnæðisvandræði körfu-knattleiksmanna, Sagði hann að Frammarar hefðu byrjað að æfa úti og þeir myndu moka snjó af vellinum ef þyrfti. Eiríkur gagnríndi stjórn K.K.Í. fyrir að dómaramál körfu-knattleikara væri í ólestri.

Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir árið 1970-'71.

Hólmsteinn Sigurðsson lagði fram fjárhagsáætlun og skýrði hana, var henni vísað til fjárhagsnefndar. Fjárhags-áætlunin var prentuð og lá fyrir fundinum og vísast í hana um f.skj. b.

Laga og leikreglnabreytingar.

Þrjár tillögur lágu prentaðar fyrir fundinum og vísast til þeirra sem fylgiskjal nr. I-II og III. Var þeim vísað til laga og leikreglnanefnda.

Tillögur um önnur mál.

Tillaga frá MB-nefnd lá prentuð fyrir fundi og vísast til þeirra sem f.skj. nr. IV. Var henni vísað til alsherjar-nefndar.

Sveinn Björnsson ávarpaði þingheim og flutti kveðjur framvk.stjórna f.s.f. og þakkaði stjórn K.K.Í. fyrir framlag hennar til íþróttamála. Hann lauk sérstöku lofi á störf MB-nefndarinnar. Ræddi hann um íþróttir fyrir alla og störf sjálfboðaliða í íþróttahreifingunni. Sveinn lagði

áherslu á aukna þörf fólks til íþróttaiðkanna með vaxandi vélamenningu. Einnig mynntist hann á fjárhag íþróttahreifingarinnar og kvað nauðsin frekari styrkja frá ríki, bæja- og sveitafélögum til íþróttamála.

Bogi Þorsteinsson þakkaði Sveini Björnssyni velvilja í garð körfuknattleiksmanna.

Þinghlé

Nefndarálit.

Að loknu þinghléi var tekin fyrir 9. liður, dagskrá- nefndarálit.

Formaður fjárhagsnefndar, Þórir Guðmundsson kvað nefndina mæla með fjárhagsáætluninni eins og hún lægi fyrir fundinum.

Guðmundur Hallgrímsson ræddi áætlunina og kvað eðlilegt að laun framkvæmdastjóra yrði meira greidd í formi prósentu af tekjum af auglysingum. Fleiri tóku ekki til máls.

Fjárhagsáætlunin var síðan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Álit laga og leikreglnanefnda.

Einar Bollason formaður nefndarinnar skýrði tillögur fundarmönnum.

Tillaga nr. I. lögð fram óbreitt, nefndin leggur þó fyrir stjórn K.K.Í. að kjósa nefnd til að endurskrá móttareglur K.K.Í.
Tillaga nr. II lögð fram óbreitt.

Tillaga nr. III lögð fram óbreitt. Einar kvað tillögu þessa miða að því að fléirri II. fl. menn fengju tækifæri til að öðlast leikreynslu.

Fundarstjóri gaf síðan mönnum orðið og voru tillögurnar ræddar fram og aftur.

Sigurður Helgason sagðist vera á móti tillögu nr. III

og hvað leikmönnum ofgert með því að leika bæði með II og Meistaraflokk.

Þorsteinn Hallgrímsson kvaðst viðjast heyrðalit fleirri nefndarmanna á tillögu nr. III.

Birgir Birgis kvaðst vera sammála Einari um að leikmenn II flokks öðluðust meiri reynslu með því að leika með Meistara-flokki.

Sigurður Helgason kvað fyrri lög heimila tveim II fl. mönnum að leika í hverjum leik M.fl. og breytingin því ekki þjóna neinum tilgangi.

Kolbeinn Pálsson kvaðst meðmæltur tillögu nr. III.

Hann kvað að alatriðið vera það að ef tillaga nr. II um aldurs-flokkaskiptingu yrði samþykkt, sem hann taldi vist myndu aðeins þeir leikmenn sem hefðu átt að ganga upp samkv. gömlu aldursskiptingunni fá leyfi til að leika ótakmarkað með M.flokki.

Þorsteinn Hallgrímsson kvaðst ekki á móti tillögu nr. III, kvað hann fyrri reglur nægja.

Einar Bollason kvað þessa reglu sem felst í tillögu nr. III vera í samræmi við reglur annarra íþróttagreina. Einar sagði að unglingsladsliðið myndi ekki skaðast á þessari breytingu.

Sagði hann að líklega væri f.R. eina félagið á landinu þar sem II fl. menn æfðu ekki með I og M.fl.

Sigurður Helgason sagði að metnaður forustumanna félagaðna væri svo mikill að sálin gleymdist.

Kolbeinn Pálsson kvað lágmark að unglingsladsliðið fyrir 19 ára stráka.

Eiríkur Björgvinsson ræddi um sálina og íþróttina og tók undir orð Sig. Helgasonar.

Fleirri komust ekki á mælendaskrá og voru tillögurnar bornar undir atkvæði fyrst.

Tillaga nr. II. Samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. III. Samþykkt með 8 atkv. gegn 4.

Tillaga nr. I. Samþykkt samhljóða.

Bogi Þorsteinsson skýrði tillögu MB-nefndar, sjá greinargerð með fylgiskj. nr. 4.

Álit alsherjarnefndar:

Nefndin er meðmælt tillöggunni, en leggur til að málín verði vísað til næstu stjórna og var það samþykkt samhljóða.

KOSNING.

Í körfuknattleiksdomstól var kosinn til þriggja ára Helgi Ágústsson, en til vara Gunnar Gunnarsson.

Kosin stjórn K.K.Í. fyrir næsta starfsár.

Stungið var upp á Hólmsteini Sigurðssyni sem formanni og var hann kjörinn með lófataki.

Aðrir í stjórn voru kjörnin: Ingvar Sigurbjörnsson, Einar Bollason, Birgir Þorkelsson og Birgir Örn Birgis.

Í varastjórn voru kjörnir: Björn Jóhannsson og Águst Egilsson.

Endurskoðendur voru kjörnir:

Gunnar Torfason og Þráinn Scheving, en til vara Þórir Guðmundsson.

Kosningu fulltrúa á íþróttapíng var vísað til stjórnar.

Hólmsteinn Sigurðsson endurkjörinn formaður K.K.Í. tók til máls og þakkaði traut það sem honum væri sýnt með því að kjósa hann formann. Hólmsteinn las bréf sem stjórn K.K.Í hafði borist frá H.S.K. um leyfi til að hafa íþróttahúsið á Laugarvatni sem heimavöll H.S.K. í Íslandsmótinu 1970. Hólmsteinn bað fundarmenn að segja álit sitt á þessari beiðni. Það var einróma álit Þingfulltrúa að þessi ráðstöfun myndi hafa góð áhrif til útbreiðslu körfuknattleiks og mæltu með að K.K.Í. yrði við beiðni H.S.K.

Sigurður Helgason beindi því til hinnar nýkjörnu stjórnar að hann héldi við fyrsta tækifæri fund með formönnum körfuknattleiksdeilda félaganna.

Bogi Þorsteinsson fundarstjóri þakkaði fundarmönnum þingsetu og óskaði nýkjörinni stjórn til hamingju með kjörið.

Bogi sleit síðan 10. ársþingi K.K.Í.

Ingvar Sigurjörnsson
fundarstjóri.

Bogi Þorsteinsson
fundarstjóri.

F. skj. A.

Fulltrúar K.K.R.R.

1. Helgi Ágústsson
 2. Einar Bollason
 3. Björn Jóhannsson
 4. Guðmundur Hallgrímsson
 5. Ásbjörn Egilsson
 6. Eiríkur Björgvinsson
 7. Hólmsteinn Sigurðsson
 8. Þorsteinn Hallgrímsson
 9. Kristinn Jörundsson
 10. Kolbeinn Pálsson
 11. Birgir Birgis

Fulltrúar H.S.K.

1. Þórður Sigurðsson
 2. Birkir Þorkelssø
 3. Einar Vigfússon
 4. Tryggvi Gunnarsson

Fulltrúar Íþróttabandlags Suðurnesja

1. Bogi Þorsteinsson
 2. Ingi Gunnarsson.

Fulltrúar f.B.A.

1. Stefán Hallgrímsson
 2. Guttormur Ólafsson.

F.skj. B.

Reykjavík 20/9. 1970.

Íþróttasamband Íslands,
Íþróttamiðstöðin Laugardal.
Reykjavík.

Sem svar við bréfi yðar dags. 20. júlí 1970 varðandi fjárbörf K.K.I. hefur stjórnin tekið saman eftirfrandi:

1.a. Kennsla og bjálfun.

3. t. í viku landslið karla 20	..)	45.000.-
2. t. í viku U.l.landsl. karla 60x500	30.000.-	
kyennalandslö 60x500	30.000.-	105.000.-

l.b. Áhöld og búningar.

10 boltar á 1.800.00 18.000.-
10 Mi. i h. á 1.800.00 18.000.-

10 Minni boltar á 1.000.oo 10.000.-

Landlísioðsbúningar. 12.000
Kvældulíðal. 12-11-02

Karlalandsl. 12x1100 13.000,-
H. l. kapla 12x1100 13.000

U.l. karla 12x1100 13.000.-
Kvernpalandsl 12x1100 15.000-

2.	Páttaka í mótm.	
	Ferðakostnaður,	
	Polar Cup unglings í Finnlandi 1971	225.000.-
	Karlalandsliðið í Bremen	195.000.-
	N.M. kvenna	200.000.-
	Tap á Íslandsmóti yngri flokka	Kr. 60.000.- 680.000.-
3.	Stjórnarkostnaður	45.000.-
	Laun framkvæmdastjóra	" 100.000.- 145.000.-
4.	Ýmis kostnaður.	
	Útbreyðslustarfsemi	
	Pjálfun, húsaleiga, ferðakostn. o.fl.	75.000.-
	Verðlaunapeningar	15.000.
	Annað	20.000.- 110.000.-
		Kr. 1.110.000.- 1.110.000

Tekjur.

Styrkir	Kr. 50.000.-
Skatthluti	" 5.000.-
Utanfararstyrkir í.S.I.	68.000.-
Getraunir	20.000.-
Kennslust.	2.000.-
Tekjur af 1. deild	20.000.-
Ferðastyrkir frá I.B.R.	68.000.-
Tekjur af leikskrám	50.000.-
Páttökugjald í Íslandsmátó	50.000.-
	Kr. 323.000.-

Tap Kr. 787.000.-

Aætlun þessi er miðuð við þá starfsemi sem fram hefur farið á vegum K.K.Í. við útbreiðslu og að standa fyrir mótm og þeim erlendur samskiptum sem til boða standa ef unnt verður að afla fjár til þáttöku. Það er fyrirsjánlegt ef ekki verður mikil breyting á að erlend samskipti leggist niður vegna erfiðs fjárhags sem yrði til þess að íslenskir körfuknattleiksmenn einangruðust og fengju ekki samanburð á getu sinni gagnvart öðrum þjóðum.

Virðingarfyllst,

Hölmsteinn Sigurðsson.

Nr. 1.

Tillaga frá stjórn K.K.Í.

Um að framkvæmd Íslandsmótsins í 1. deild karla verði breitt þannig:

Að úrslitakeppni að loknum tveim umferðum verð fellt niður.

Greinagerð: Þar sem liðum fjölgar nú í 1. deild úr 6 í 7, eykst leikjafjöldi úr 30 leikjum í 42. Einnig komu fram gallar á þessu fyrirkomulagi, sem erfitt var að koma í veg fyrir.

Nr II.

Tillaga frá MB-nefnd til stjórnar K.K.Í. um aldursflokkaskiptingu í körfuknattleik.

Börn á aldrinum 8-12 ára skulu leika eftir MB reglum. Heimilt er MB-nefnd að skipa MB-keppendum í two flokka, þ.e.: Börn 8-10 ára leiki saman í flokki og 11-12 ára í öðrum flokki. Ekki er keppanda í MB heimilt að leika í yngri aldursflokk, en hinsvegar má barn á aldrinum 8-10 ára leika með eldri flokki, ef þjálafari tekur að það hafi líkamsþroska til þess.

Br. 7 gr.

Í stað aldursflokkaskiptingar þeirrar sem nú ríkir, verði keppendum körfuknattleiksmótum raðað í flokka eftir aldri svo sem hér sggir:

4. flokkur dregir á aldrinum 13-14 ára
3. flokkur dregir á aldrinum 15-16 ára
2. flokkur drengir á aldrinum 17-18 ára

Um færzlu milli aldursflokka gildi sömu reglur og verið hafa. En þær eru þessar:

Flutningur milli aldursfokka skal fara fram í sept. ár hvert. Hinsvegar skal aldurmíðast við áramót, þannig að verð leiknaður t.d. 19 ára eftir áramót skal hann leika með 2. fl. út yfirstandalndi leiktímabil.

Verði leikmaður hins vegar 19 ára fyrir áramót skal hann leika með 1. fl. frá 1. sept. að telja.

Nr. III.

Tillaga frá Einari Bollasyni.

Viðbót við 9. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Allir leikmenn, sem eru á síðara ári í 2. aldursfokki hafa þá rétt til að leika með 1. aldursflokk.

9.gr. hljóðar þá þannig eftir breytinguna:

Leikmaður má aldrei keppa í yngri aldurflokk en honum ber.

Heimilt er 2 leikmönnum yngri aldurfloks að leika hvérjusinni með næsta aldursflokk fyrir ofan,

Allir leikmenn, sem eru á síðara ári í 2. aldursflokk hafa þó rétt til að leika með 1. aldursflokk.

Tillaga til stjórnar K.K.Í frá MB-nefnd.

MB-nefnd skal þannig skipuð:

Formaður og tveir meðstjórnendur skipaðir af stjórn K.K.Í.
1. meðstjórnandi tilnefndur af stjórn U.M.F.Í. og 1 með-
stjórnandi tilnefndur af Félagi íslenzkra íþróttakennara.

Greinargerð: Þar sem tilgangur MB, er að nái til sem flestra barna á aldrinum 8-12 ára, telur MB-nefnd æskilegt að nái samstarfi við bæði U.M.F.Í. og samtök íþróttakennara. Nefndin lítur svo á, að MB-keppnir skuli ekki vera eingöngu bundnar við þau börn, sem skráð eru sem félagar innan samtaka Í.S.Í., heldur beri að stefna að því marki að MB nái til allra barna, hvar sem þau eru í sveit sett.

MB-nefnd telur að ef samstarf tekst með ofangreindum aðilum, þá muni starf MB-nefndar geta orðið á mikið viðtækari grundvelli, heldur en verða mundi, ef nefndin væri skipuð, svo sem nú er.

